

2003060072
7605; 9310

Mjóafjarðarhreppur
Sigfús Vilhjálmsson, oddviti
Brekku
715 Mjóifjörður

Reykjavík, 13. október 2003

Efni: Urðunarstaður fyrir lífrænan úrgang við Rima í Mjóafjarðarhreppi. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Mjóafjarðarhrepps dags. 20. júní 2003 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt um fyrirhugaðan urðunarstað fyrir lífrænan úrgang í landi Rima í Mjóafirði samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 11 b í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Heilbrigðiseftirlits Austurlands og Umhverfisstofnunar. Umsagnir bárust frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 3. október 2003 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 8. október 2003.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Í gögnum Mjóafjarðarhrepps kemur fram að sveitarfélagið hyggist reka urðunarstað í landi Rima. Eingöngu á að urða dauðan lax sem fellur til við eldi laxeldisstöðvarinnar Sæsilfurs í Mjóafirði. Urðunarstaðurinn er talinn nauðsynlegur til að mæta áföllum sem verða við fjöldadauða við seiðaflutninga og vegna þörunga- og marglyttublóma sem dæmi eru um. Áformað er að staðurinn geti tekið við allt að 100 tonnum á ári.

Urðunarsvæðið er um 900 m². Svæðið, sem er gamalt tún í landi eyðibýlisins Rima, hefur verið girt af og verður nót höfð yfir á meðan svæðið er að fyllast. Með því móti er komið í veg fyrir aðgang tófu og fugla að úrganginum. Fram kemur að engar fornleifar né svæði á náttúruminjasrá séu í nálægð urðunarsvæðisins og að um 3 km séu í næstu byggð. Fram kemur að hlíðarmegin við urðunarsvæðið sé skurður sem taki við vatni úr hlíðinni. Nauðsynlegt er talið að dýpka skurðinn og lengja um rúma 100 metra. Ekki er talin þörf fyrir frekari mannvirki vegna framkvæmdanna.

ÁLIT UMSAGNARADILA

Í umsögnum Heilbrigðiseftirlits Austurlands og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur jafnframt fram að rekstur urðunarstaðarins sé háður starfsleyfi og þar verði tekið á því hvernig fara skuli með fisk sem hefur drepist af öðrum orsökum, t.d. af völdum sjúkdóma.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða urðunarstað fyrir lífrænan úrgang frá fiskeldi í landi Rima í Mjóafirði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 11 b í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrirhuguð framkvæmd er umfangslítill og mun valda raski á túnnum á litlu svæði. Skipulagsstofnun telur líkt og fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að verði urðun aflögð á svæðinu þá sé ekkert því til fyrirstöðu að rækta aftur upp tún og koma svæðinu þar með í fyrra horf. Skipulagsstofnun telur að lágmörkun neikvæðra áhrifa starfseminnar sé fyrst og fremst háð vönduðum vinnubrögðum og frágangi á rekstrartíma.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að urðunarstaður fyrir lífrænan úrgang í landi Rima í Mjóafjarðarhreppi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Mjóafjarðarhrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b og starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun nr. 785/1999. Fyrirhuguð urðun er á óskipulögðu svæði og þarf sveitarstjórn því að leita meðmæla Skipulagsstofnunar með veitingu framkvæmdaleyfis, sbr. 3. tölulið bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 14. nóvember 2003.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Sigurður Ásbjörnsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Heilbrigðiseftirlit Austurlands og Umhverfisstofnun.

